

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 181/2014**

181-2015i

**frá 25. september 2014**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/69/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramik í þéttum fyrir málspennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/70/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í örrásaplötur, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/71/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni til tengingar á stöfluum skífueiningum (SDE) fyrir stóra fleti, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/72/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni og húðun á tengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðun á prentplötum sem eru notaðar í kveikjueiningar og önnur rafmagns- og rafeindastjórkerfi hreyfils, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/73/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platinuhúðuð platinurafskaut, sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/74/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í önnur tengikerfi með sveigjanlegum pinnum en þrýstibogatengi fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/75/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kvikasilfur í kaldskautsflúrperur fyrir baklýsta vökvakristalsskjái, sem er ekki meira en 5 mg í hverri peru, sem eru notaðir í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2017, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/76/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir kvikasilfur í handgerðar lýsandi úrhleðslupípur, sem eru notaðar í

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 74.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 76.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 78.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 80.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 82.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 84.

skilti, skrautlýsingu eða lýsingarhönnun arkitekta ásamt sérstakri lýsingu og ljósalist, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(8)</sup>.

9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 L 0069**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/69/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 72),
- **32014 L 0070**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/70/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 74),
- **32014 L 0071**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/71/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 76),
- **32014 L 0072**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/72/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 78),
- **32014 L 0073**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/73/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 80),
- **32014 L 0074**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/74/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 82),
- **32014 L 0075**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/75/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 84),
- **32014 L 0076**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/76/ESB frá 13. mars 2014 (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 86).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldra tilskipana 2014/69/ESB, 2014/70/ESB, 2014/71/ESB, 2014/72/ESB, 2014/73/ESB, 2014/74/ESB, 2014/75/ESB og 2014/76/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 86.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.